

**Menningar,- íþróttá- og tómsunduraráð Reykjanesbæjar (MÍT)**, (hér eftir nefnt verkkaupi og **Sunddeild Keflavíkur**, hér eftir nefndur verkkaupi og hér eftir nefndur verksali gera með sér eftirfarandi

## **SAMNING**

um rekstur sundnámskeiða í Reykjanesbæ sumarið 2006.

### **1. grein:**

Markmið námskeiðanna er að kenna börnum undirstöðuatriði í sundi svo þau verði öruggari í sundlaugum landsins og betur undirbúin er skólasund hefst. Ennfremur að kenna þeim þær reglur sem gilda á sundstöðum m.a. um hreinlæti og almenna umgengni.

### **2. grein:**

Verksali tekur að sér að reka sundnámskeið fyrir verkkaupa á tímabilinu júní-ágúst 2006 og skulu námskeiðin vera að lágmarki 3 vikur hvert.

Hámarksfjöldi nemenda í hóp skal vera í samræmi við **“Reglur um öryggi á sundstöðum”** sem samþykktar voru í júní 1994 af Menntamálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Eftirlitsaðili með samningi þessum er skrifstofa MÍT. Verksali skilar skýrslu til hennar að loknum námskeiðunum um framkvæmd námskeiðanna og þátttöku í þeim í síðasta lagi 15. september 2006.

### **3. grein:**

Verksali greiðir ekki fyrir afnot af sundmannvirkjum og hefur afnot af íþróttáhöldum í samráði við forstöðumann sundmannvirkja. Allan annan kostnað við námskeiðin greiðir verksali.

### **4. grein:**

Verksali innheimtir og hirðir öll þátttökugjöld.

### **5. grein:**

Kennari sundnámskeiðanna skal vera íþróttakennari eða hafa sambærilega menntun.

### **6. grein:**

Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjanes.

### **7. grein:**

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Gjört í Reykjanesbæ \_\_\_\_\_ 2006